

Upplýsingar um heimavist og mótuneyti Verkmenntaskóla Austurlands

Heimavistin að Nesgötu 40 verður opnuð nemendum **þriðjudaginn 18. ágúst n.k kl. 18:00.**

- **18:00 – 18:30** Afhending herbergja/lykla. Samningar verða undirritaðir rafrænt og munu nemendur og forsjáraðilar nemenda undir 18 ára aldri fá boð um rafræna undirritun.
- **18:30 - 19:00** Fundur í matsal með stjórnendum, umsjónaraðila heimavistar og húsverði.
- **19:00** Léttur kvöldverður

Foreldrar/forsjáraðilar þurfa að mæta með nemendum yngri en 18 ára.

[Hér má sjá ýmsar gagnlegar upplýsingar um heimavistina!](#)

Leiga á haustönn 2026:

- | | |
|---|------------|
| • Leiga* pr. einstakling í tveggja manna herbergi - verð pr. mánuð: | • 28.000.- |
| • Leiga* pr. einstakling í eins manns herbergi - verð pr. mánuð: | • 38.000.- |
| • Tryggingargjald - verð fyrir skólaárið (endurgreitt ef við á í lok annar/árs) | • 10.000.- |
- * Ath. rukkuð er leiga fyrir 4 mánuði á önn

Á heimavistinni eru eldhúskrókar til afnota fyrir nemendur. Í þeim eru öll nauðsynleg tæki s.s. ísskápur, örbylgjuofn, brauðrist o.fl. Góð umgengni er forsenda þess að sambýli um eldhúskróka gangi vel.

Nemendur hafi með sér:

- Sæng og koddar
- Lín til einkaafnota, s.s. rúmföt og handklæði
- Leirtau til eigin afnota í eldhúskrókum en þar sér hver um sitt

Nemendur fá almennar hreinlætisvörur, s.s. salernispappír og handsápu á heimavistinni.

Við erum með sameiginlegan hóp á Facebook þar sem einungis eru vistarbúar, forráðafólk og starfsfólk sem tengist heimavist eða vistarbúum. Hópurinn heitir Heimavist VA. Þar getið þið óskað eftir aðgangi. Það virkar best að koma upplýsingum til allra með því að setja þær í þennan hóp.

[Hér má finna heimavistarreglur](#) og eruð þið beðin um að kynna ykkur þær vel áður en dvöl hefst. Við viljum að öllum líði vel á vistinni, þetta er ykkar heimili, þar eiga öll skjól.

Verið velkomin á heimavistina

Birgir Jónsson
skólameistari
sími 868 7556

Jóhann Tryggvason
húsvörður
sími 866 2230